

## Stefnuræða frístundaráðs 2019

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar

Frístundaráð Akureyrarbæjar fjallar um jafnréttismál og önnur mannréttindamál, fjölskyldumál, tómstundamál, íþróttamál og forvarnamál í umboði bæjarstjórnar Akureyrar. Í stjórn frístundaráðs sitja ég, sem formaður ráðsins, Arnar Þór Jóhannesson varaformaður, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Viðar Valdimarsson og Ásrún Ýr Gestsdóttir sem áheyrnarfulltrúi. Fyrir hönd Ungmennaráðs situr Hulda Margrét Sveinsdóttir. Einnig sitja sviðsstjóri, Kristinn Reimarsson og deildarstjórar, Alfa Aradóttir á forvarnar- og frístundadeild og Ellert Örn Erlingsson á íþróttadeild. Framkvæmdastjóri ÍBA er áheyrnarfulltrúi þegar verið er að fjalla um íþróttamál. Ég vil nýta tækifærið og þakka fyrir ánægjulegt samstarf.

### Forvarnir og frístundir

Akureyrarbær leggur mikla áherslu á að hlúa að öllum þáttum frístundastarfs með því að tryggja fjölbreytilegt framboð innan sveitarfélagsins. Á síðustu misserum hefur verið lögð áhersla á að ráða fagfólk sem sinnir börnum og ungmennum í frítíma til að tryggja gæði starfsins og hámarka forvarnargildi þess.

Félagsmiðstöðvar Akureyrar (FÉLAK) halda úti viðamiklu starfi fyrir börn og unglinga á Akureyri allt árið. Starfsfólk Félak þjónustar aldurshópinn 10-16 ára og vinnur að sameiginlegum markmiðum sem snúa að því að efla sjálfsmynd og valdeflingu barna og unglinga. Börn og unglingar í bænum geta sótt þá félagsmiðstöð sem þau kjósa óháð sínum heimaskóla. Þjónusta fyrir börn á miðstigi hefur verið að þróast en ekki er langt síðan þessum aldurshópi stóð engin þjónusta til boða frá félagsmiðstöðvum bæjarins eða fyrir fjórum árum. Nú starfa þrír starfsmenn í 70% stöðugildum og sinna sérstaklega þessum aldurshópi og hefur starfið verið að þróast bæði hvað umfang og innihald varðar. Áhersla er lögð á leitarstarf þar sem haft er samband við skóla með að bjóða sérstaklega þeim börnum sem þurfa á styrkingu að halda en annars geta allir skráð sig til þátttöku sem kjósa. Það þýðir að í starfinu blandast saman börn sem þurfa á stuðningi að halda og svo börn sem eru félagslega sterk.

Starf fyrir börn á miðstigi skiptast í opið starf og klúbbastarf. Miðstigsopnanir eru fyrir börn í 5. – 7. bekk. Þær eru í eina og hálf klukkustund í senn í hverri félagsmiðstöð. Í skólunum fjórum í þorpinu var boðið upp á opið hús í annarri hverri viku en Trója er opin í hverri viku. Hér er áhersla á leiki, samvinnu, lýðræði og frjálst val. Klúbbastarfið er orðið mjög umfangsmikið og í vetur hafa verið á hverjum tíma um 14 klúbbar í gangi og verið fullsetnir. Unnið er markvisst út frá hugmyndafræði um virkni, þátttöku, ábyrgð og samskipti. Síðasta haust voru rúmlega 600 skráðar mætingar í klúbbana.

Í Ungmennahúsinu er forvarnarverkefni sem nefnist Virkið og er samstarfsverkefni 14 stofnana á Akureyri. Tilgangur Virkisins er að virkja unga atvinnuleitendur til aukinnar þátttöku í samfélaginu. Hlutverk Virkisins í því ferli er að veita víðtækan stuðning, leiðbeiningar og aðstoð. Þjónustan er þverfagleg og miðast við aldurshópinn 16 til 25 ára.

Meginmarkmið samstarfsins er að:

- stuðla að bættri almennri þjónustu fyrir ungt fólk á aldrinum 16 – 25 ára
- stuðla að bættri sérhæfðri þjónustu fyrir fólk á aldrinum 16 – 25 ára
- efla þverfaglegt samstarf fagaðila stofnanana til hagsbóta fyrir hópinn

Í starfsáætlun frístundaráðs er lögð áhersla á áframhaldandi vinnu við þróun þjónustuborðs fyrir Virkið og var stöðugildi sérfræðings í atvinnumálum aukið úr 70% í 100%. Starfið einkennist af fyrsta stigs forvörnum og má á margan hátt líkja við þá hugmyndafræði sem kallast Head space og hefur verið mikið í umræðu að undanfögnu. Ánægjulegt er að geta sagt að þær áherslur sem birtast í starfsemi Virkisins samræmast því sem helst hefur verið kallað eftir, s.s. draga úr stofnanamúrum og stofnanabrag, einfalda aðgengi ungmenna að þjónustu, auka samfellu í þjónustu stofnana og að bjóða upp á mikinn sveigjanleika í tíma. Frá því í janúar hafa um 650 ungmenni sótt sér stuðning í Virkið og ráðgjöfina. Reynslan af því að auka starfshlutfall um 30%, hefur skipt máli og hefur margt áunnist á ekki lengri tíma, t.d. fleiri námskeið í boði, meiri samfella í verkefnum, fjölbreyttari verkefni, meiri stuðningur við einstaklinga og fleiri einstaklingar sem nýta sér þjónustuna. Markmiðið á þessu ári er að mæla árangurinn af þessu verkefni og kynna niðurstöður í lok árs.

Í Ungmenna-húsinu er námskeið sem hefur verið að þróast í töluverðan tíma. Með auknu starfshlutfalli hefur náðst að stækka námskeiðið í átt að því sem þurft hefur. Hægt var að lengja námskeiðin úr 6 vikum og yfir í 3 mánuði. Byrjað var strax eftir áramót skv. nýju fyrirkomulagi. Hópurinn samanstendur af ungu fólki frá fjölskyldusviði, VMST og VMA. Þetta er krefjandi hópur og kallar á mikla orku starfsfólks. Aukið starfshlutfall hefur gefið meiri tíma til að vera til staðar fyrir hópinn og dagskrána en einnig fyrir þau sem einstaklinga sem er mikilvægt og tímafrekt. Betur gengur að halda utan um heildina. Mörg þessara ungmenna eru ekki með neina menntun eða starfsreynslu, mörg þeirra eru ó/vinnu/skólafær. Það tekur tíma að fá þau til að opna sig, kynnast starfsfólki og öðrum ungmennum í Virkinu náíð. Mörg eiga langa og brotna sögu að baki.

Á sumrin leggjast hin hefðbundnu störf FÉLAK í dvala í kjölfar skólaslita. Þá tekst starfsfólk FÉLAK á við önnur störf og hafa meðal annars samstarf við Vinnuskóla Akureyrarbæjar um fræðslu og sjá einnig um atvinnuáttak Akureyrarbæjar. Breyting átti sér stað á síðasta ári en Vinnuskólinn var í fyrsta sinn starfræktur undir samfélagssviði. Starfsmenn Vinnuskólans forvarna- og frístundaeildar ásamt starfsfólki á stjórnsýslusviði eru búin er að fara í mikla vinnu í vetur við að endurskipulagningu á verklagi og samskiptum og þá sérstaklega við launadeildina. En Hnökrar voru á starfsemi Vinnuskólans síðasta sumar.

Markmið Vinnuskóla er að gefa ungmennum kost á samspili vinnu, þjálfunar og fræðslu í sumarleyfi sínu. Á síðasta ári lagði frístundaráð til að aldur þeirra sem tilheyra Vinnuskólanum yrði hækkaður um eitt ár og að atvinnuáttak yrði fyrir 18 - 25 ára. Þessi breyting hafði í för með sér að verið er að taka mið af þeirri vinnu sem er í gangi við innleiðingu Barnasáttmálans og að 17 ára börn fá jafnmikla tíma í vinnu og þau sem yngri eru. Með flutningi Vinnuskólans hefur einnig orðið til slagkraftur yfir vetrartímann með samnýtingu starfsfólks sem styður við ungmenni án virkni og býr til betri tengingar við atvinnutengd úrræði s.s. atvinnuáttak og atvinnu með stuðningi og bætir við stuðning inn á námskeið á vegum Virkisins. En fyrir þennan viðkvæmasta hóp er nauðsynlegt að sleppa ekki takinu heldur ýta þeim jafnt og þétt til meiri ábyrgðar á sínu lífi. Þessi samvinna styrkir bæði verkefni.

Í starfsáætlun frístundaráðs er eitt af verkefnum ársins að rýna vel fyrirkomulag á starfstengdu námi og sumarátaki ungmenna og mun sú vinna fara fram í sumar. Þegar niðurstöður liggja fyrir verður farið yfir úrræðin sem eru í boði og hvort og þá hvernig hægt sé að breyta fyrirkomulaginu á starfstengdu námi. Það er einnig inn á starfsáætlun að skoða

með hvaða hætti hægt er að styrkja enn frekar Skapandi sumarstörf og tengingu við Sumarvinnu með stuðningi. Það hefur verið rætt um það í nokkur ár að þeir sem fá tækifæri til að vera í Skapandi sumarstörfum séu sýnilegri í bænum og fleiri skipulagðar uppkomur verði bæði fyrir heimamenn og ferðamenn. Þetta er eitthvað sem við í frístundaráði viljum styrkja.

Í starfsáætlun frístundaráðs árið 2019 eru nokkur áherslumál tengd forvarnarmálum og má þar m.a. nefna að auka þarf samstarf um forvarnarstarf við framhaldsskólana. Í janúar á þessu ári fór fram vel heppnað málþing í Hofi. Þeir sem sem stóðu fyrir málþinginu voru FÉLAK, Lögreglan á Akureyri, Verkmennta- og Menntaskólinn á Akureyri. Um 200 manns mættu og hlýddu á erindin. Það er ljóst að þegar við tökum höndum saman þá verðum við öflugri í að vinna að málefnum unga fólksins okkar. Markmiðið er að halda fleiri málþing á árinu. Það er mikilvægt að ganga í takt í öllu forvarnarstarfi.

Á Punktinum er fjölbreytt starf yfir vetrarmánuðina. Þangað sækir fólk á öllum aldri hin ýmsu námskeið sem eru í boði og einnig er góður hópur fólks sem sækir Punktinn daglega og tekur þátt í opnu starfi. Á Punktinum eru fjölmörg námskeið í boði fyrir börn á miðstigi og hafa þau notið mikilla vinsælda.

### **Forvarnarstefna**

Unnið er að nýrri forvarnarstefnu og verða drög að nýrri stefnu lögð fyrir á næsta fundi í frístundaráði 3. apríl. Stefnan tekur á forvörnum og lýðheilsu og er unnin út frá áherslum um heilsueflandi samfélag en tekur einnig mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna 2016-2030 sem snúa að heilsu og vellíðan. Í heilsueflandi samfélagi er unnið að því að skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum og skal það vera í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum (e.Health in all policies (HIAP)). HIAP er heilðræn nálgun sem hefur það að leiðarljósi að allir geirar samfélagsins hafi hlutverk þegar kemur að því að skapa aðstæður sem stuðla að heilsu og vellíðan íbúa.

Akureyrarbær er heilsueflandi samfélag og skal forvarnarstefnan endurspegla það. Forvarnarstefna Akureyrar skal stuðla að öflugu æskulýðsstarfi, almennum forvarnaraðgerðum og heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólum og aukinni heilsueflingu eldri borgara. Þrátt fyrir að stefnuna sem slíka hafi átt að vera búíð að endurskoða fyrir árið 2015 hefur aðgerðaráætlun verið í gildi og til tveggja ára í senn. Ný forvarnarstefna verður lögð til umsagnar til allra ráða áður en hún verður endalega samþykkt.

### **Barnasáttmálinn**

Frá árinu 2016 hefur Akureyrarbær unnið að því að verða barnvænt sveitarfélag í samvinnu við UNICEF á Íslandi. Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti í byrjun þessa árs skýrslu- og aðgerðaráætlun fyrir innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Innleiðingarferlið hefur tekið um tvö ár og að því loknu fær bærinn viðurkenningu frá UNICEF um að hann sé orðinn barnvænt sveitarfélag. Í starfsáætlun frístundaráðs er gert ráð fyrir því að ráða verkefnastjóra Barnasáttmálans. Búíð er að ráða í það starf. Hlutverk verkefnastjórans er að halda utan um verkefnið, vera sérstakur tengiliður við börn á Akureyri, stjórnsýsluna og ungmennaráð og fylgja eftir aðgerðaráætluninni sem unnin var í samráði við stýrihópinn. Allar ákvarðanir sem sneru að framkvæmd verkefnisins voru teknar á fundum stýrihópsins

með hagsmuni barna að leiðarljósi en fulltrúar stýrihópsins voru frá flestum sviðum Akureyrarbæjar, pólitískir fulltrúar og fulltrúar úr ungmennaráði. Við megum vera stolt af því að vera fyrsta sveitarfélagið til að fá þessa viðurkenningu.

Þegar Akureyrarbær fékk afhent merki UNICEF sem barnvænt samfélag hafði framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi orð á því hvað aðgerðaráætlunin væri metnaðarfull. Aðgerðaráætlunin er lifandi plagg og má líkja innleiðingarferlinu við spíral sem lýkur aldrei því til að viðhalda viðurkenningunni sem barnvænt sveitarfélag þarf sveitarfélagið að endurtaka innleiðinguna, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati frá UNICEF að tveimur árum liðnum.

### **Ungmennaráð**

Ungmennaráð Akureyrar var stofnað árið 2010 á grundvelli æskulýðslaga. Í ungmennaráði sitja 11 öflug ungmenni frá grunnskólum bæjarins, framhaldsskólum, ÍBA, skátunum og Ungmennahúsi. Samkvæmt lögum skal ungmennaráð m.a. vera sveitastjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Í dag sitja áheyrnafulltrúar fyrir hönd ungmennaráðs í frístundaráði og fræðsluráði. Við í frístundaráði áttum fund með ungmennaráði á dögnum og kom fram áhugi þeirra á að eiga áheyrnafulltrúa í öllum ráðum bæjarins. Í síðustu viku var í fyrsta sinn haldinn bæjarstjórnarfundur unga fólksins og tókst hann mjög vel. Ég tel mikilvægt að við leitum meira til ungmenna og tökum tillit til skoðana þeirra „Bestu málsvarar ungmenna eru ungmennin sjálf“.

Með innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru gerðar auknar kröfur til ungmennaráðs. Skýra þarf enn frekar hlutverk þeirra innan stjórnáætlunar sem tryggir að það hafi beina tengingu við kjörna fulltrúa og starfsmenn bæjarins. Ráðin mega vera duglegri að vísa málum til umsagnar til ungmennaráðs. Ég legg til að í næstu fjárhagsáætlun gerum við ráð fyrir sérstakri fjárveitingu sem samþykkt verði af bæjarstjórn, sem varið er í greiðslu nefndarlauna, útgáfu eða annars sem henta þykir.

### **Jafnréttisstefnan**

Í starfsáætlun frístundaráðs er lögð áhersla á að vinna við endurskoðun á jafnréttisstefnu verði sett af stað. Er sú vinna farin af stað og ber sviðsstjóri samfélagssviðs ábyrgð á þeirri vinnu. Útvíkka þarf stefnuna og mun í endurskoðun á henni verða tekið tillit til nýrra laga um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018 og lög um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018. Á grundvelli þessara laga, auk jafnréttislaga nr. 10/2008, tryggir stefnan réttindi kvenna og karla á vinnumarkaði eins og fyrri stefna en einnig jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar annars vegar og jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu hins vegar. Frístundaráð samþykkti sl. haust að hrinda í framkvæmd aðgerðaráætlun í jafnréttisstefnu bæjarins þar sem skipaðir yrðu þróunarleiðtogar jafnréttismála annars vegar á meðal starfsmanna og hins vegar á meðal ráða. Niðurstaðan í þessari vinnu er á þann veg að sviðsstjórar fá það formlega hlutverk að vera þróunarleiðtogar sinna sviða og síðan var óskað eftir tilnefningum frá hverju ráði.

Tilgangur með þessari aðgerð er tvíþættur:

- Að Akureyrarbær verði fyrirmynd annarra sveitarfélaga í að gæta hagsmuna kynjanna m.a. með kynjasambættingu við stefnumótun, ákvarðanir og aðgerðir.<sup>1</sup>
- Að á öllum sviðum bæjarins verði starfsfólk með innsýn og þekkingu á jafnréttismálum

Hlutverk sviðsstjóra sem þróunarleiðtogar er að:

- vera málsvarar kynjasambættingar í öllu starfi og ákvörðunum
- tileinka sér innsýn og þekkingu á jafnréttismálum
- hafa innsýn og þekkingu á starfsemi viðkomandi sviðs
- styðja annað starfsfólk í jafnréttisstarfi

Hlutverk þróunarleiðtoga ráðanna er;

- að vera fulltrúi ráðs í þróunarhópi sveitarfélagsins.
- Að vinna með formanni viðkomandi ráðs að innleiðingu kynjasambættingar.
- Að vera formlegur málsvari kynjasambættingar í starfi viðkomandi ráðs. Í því felst m.a. að
  - hvetja til söfnunar kyngreindra upplýsinga
  - fræða annað ráðsfólk
  - bera ábyrgð ásamt formanni á notkun gátlista vegna jafnréttismats

Á hautmánuðum var að beiðni frístundaráðs ákveðið að RHA myndi vinna jafnréttisúttekt á íþróttastarfi barna og ungmenna á Akureyri. Var það gert með því að senda spurningalista á forráðamenn iðkenda 18 ára og yngri hjá flestum íþróttafélögum bæjarins. Niðurstöður þeirrar könnunar verða kynntar á næsta fundi frístundaráðs.

Akureyrarbær hefur verið í norrænu samstarfi um jafnréttismál á undanförunum árum og á árinu 2018 var ákveðið að taka þátt í norrænu samstarfsverkefni sem er leitt af Háskólanum í Agder í Noregi. Rannsaka á kynferðislega áreitni meðal starfsfólks í heilbrigðisgeiranum og munu starfsmenn öldrunarheimilanna, starfsmenn í heimaþjónustu og starfsmenn í búsetukjörnum taka þátt í þessari rannsókn. Samstarfsveitarfélögin eru Arendal í Noregi og Eskilstuna í Svíþjóð. Þetta er þriggja ára verkefni og verða niðurstöður kynntar á vormánuðum 2020.

### **Frístund – samfelldur vinnudagur barna**

Mikilvægt er að auka samvinnu á milli frístunda- og skólastarfs og leggja þarf áherslu á að þátttaka barna í íþrótt- og tómstundastarfi sé hluti af samfelldum vinnudegi þeirra. Í starfsáætlun frístunda- og fræðsluráðs er þetta eitt af áhersluatriðunum og er nú í undirbúningi að fara af stað með tilraunaverkefni í tveimur grunnskólum bæjarins sem tekur mið af þessu og verður horft til barna í 1. – 4. bekk. Samvinna samfélags- og fræðslusviðs skiptir máli og þekkingin og hæfnin sem er til staðar hjá starfsfólki þessara sviða til að hrinda í framkvæmd samfelldum vinnudegi barna. Búið er að ganga frá ráðningu verkefnastjóra sem sinnir þessu verkefni enda krefst þetta góðs undirbúnings og samstarfs. Verkefnastjórinn kemur ekki formlega til starfa fyrr en 1. maí nk. og því kann að fara að upphaflega markmiðið sem var að hefja tilraun með þetta verkefni í tveimur skólum nk. skólaár muni ekki ganga eftir. Það er mikilvægt að vanda vel til verka í undirbúningi þessa stóra verkefnis frekar en að æða af stað með eitthvað sem er ekki nægjanlega vel undirbúið. Í niðurstöðum

<sup>1</sup> Úr Jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar 2015 - 2019

rannsóknarinnar Ungt fólk á Akureyri sem unnin var af Rannsóknum og greiningu kom fram að samvera barna og foreldra er minni á Akureyri en í öðrum sveitarfélögum. Markmiðið með samfelldum vinnudegi barna er að börn á aldrinum 6 til 9 ára séu búin að ljúka sínu skóla- og frístundastarfi þegar foreldrar ljúka sinni vinnu og þá getur fjölskyldan átt sinn gæðatíma saman þegar hún kemur heim. Það er mitt mat að það þurfi að breyta fyrirkomulagi frístundar og þar eigi að ráða til starfa fagfólk á sviði t.d. tómsunda þar sem starfið í frístundinni sé á forsendum barnanna með áherslu á réttindi þeirra og í samræmi við Barnasáttmálann. Það kann að vera að til lengri tíma litið að starfsemi frístundar sé betur komið undir hatti samfélagsviðs frekar en hjá fræðsluviði en útkoman úr þessu tilraunaverkefni okkar verður að leiða það í ljós.

### **Íþróttamál**

Á Akureyri er fjölbreytt íþróttastarf. Íþróttahreyfingin samanstendur af íbúum, almenningi sem hefur áhuga á íþróttum, stundar íþróttir eða á börn sem gera það. Starfið er borið uppi af frjálsum félagasamtökum sem sýnt hafa í verki að þeim er treystandi til að halda uppi öflugum íþróttastarfi. Íþróttabærinn Akureyri hefur sýnt fram á að íþróttaiðkun hefur gott gildi bæði fyrir einstaklinga og samfélagið. Íþróttir skipa stóran sess í lífi barna og ungmenna og er mikilvægur þáttur í uppeldi þeirra. Í íþróttastarfi læra börn og ungmenni aga, reglur, samvinnu, jafnrétti og læra að keppa á heiðarlegan hátt og bera virðingu fyrir öðrum. Þau læra einnig hvernig á að ná árangri, gefast ekki upp, taka ósigrum og koma vel fram við aðra.

Í byrjun árs 2018 tók gildi ný íþróttastefna Akureyrarbæjar og ÍBA og gildir hún til ársins 2022. Stefnan byggir á framtíðarsýn í íþróttamálum Akureyringa þar sem áhersla er lögð á almenningsíþróttir, lýðheilsu, samvinnu íþróttafélaga, íþróttaaðstöðu, afreksstarf, samspil íþróttar og skóla og íþróttir og ferðaþjónusta. Við í frístundaráði lítum á íþróttastefnuna sem leiðarljós í öllu okkar starfi og erum með skýra framtíðarsýn.

### **Frístundastyrkur**

Akureyri hefur lagt mikla áhersla á stuðning við íþróttar- og tómsundastarf fyrir börn og ungmenni og mun gera áfram. Frístundaráð Akureyrarbæjar samþykkti í starfsáætlun að hækka frístundastyrk barna- og ungmenna í bænum til íþróttar- og tómsundastarfs í 35.000 krónur frá og með 1. janúar 2019. Frekari hækkun er fyrirhuguð í 3ja ára áætlun og er markmiðið að árið 2022 verði frístundastyrkurinn 50.000 krónur.

### **Heilsueflandi samfélag**

Akureyrarbær er Heilsueflandi samfélag þar sem miðað er að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heildræna heilsueflingu allra aldurshópa. Í þeim tilgangi eru lagðir til grundvallar fjórir áhrifaþættir heilbrigðis sem unnið er með, þ.e. næring, hreyfing, geðrækt og lífsgæði. Frístundaráð og starfshópur sem var myndaður heldur utan um vinnu við þetta verkefni og er að móta frekari línur í, að efla samfélagið á Akureyri út frá heilsusjónarmiðum. Markmiðið er að koma á markvissri aðgerðaáætlun fyrir árið 2019 til 2022.

Til gamans má segja frá því að nú í fjögur ár hefur Akureyrarbær boðið grunn- og framhaldsskólanemendum frítt í sund og í Hlíðarfjall einn dag þegar vetrarfríi eru í skólunum. Við viljum ganga enn lengra og er markmiðið að í ársbyrjun 2020 gefist íbúum

Akureyrarbæjar tækifæri á því að geta fengið betri kjör á árskortum t.d. í Hlíðarfjall eða sundlaugum bæjarins. Vinna er hafin við útfærslu á fjölskyldukorti og verður gert ráð fyrir þessum breytingum í næstu fjárhagsáætlun.

Ný samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar var samþykkt í bæjarstjórn þann 19. febrúar sl. Öldungaráð er samráðsvettvangur um þjónustu við aldraða og þróun öldrunarmála innan sveitarfélagsins Akureyrarbæjar. Á vettvangi öldungaráðs fer fram samráð um almenna stefnumótun og áætlanagerð Akureyrarbæjar í málum sem varða íbúa sem eru 67 ára og eldri. Í starfsáætlun er lögð áhersla á að móta frekari aðgerðir með áherslu á auknið heilsueflandi framboð fyrir eldri borgara. Mikilvægt er að vinna þessa vinnu í samstarfi við öldungaráð og markmiðið er að funda með þeim í apríl. Búið er að koma á heilsársþjónustu í Víðilundi og í sumar verður lögð áhersla á heilsueflingu og útiveru.

## **ÍBA**

Í kjölfar nýrrar stefnu var endurnýjaður þjónustusamningur á milli Akureyrarbæjar og ÍBA þar sem ÍBA tók að sér fleiri verkefni en það hafði áður og gerði þeim kleift að ráða til sín framkvæmdastjóra í fullt starf. Samstarfið á milli íþróttadeildar samfélagssviðs og ÍBA hefur gengið vel. Meðal þeirra verkefna sem skrifstofa ÍBA hefur tekið til sín er Nora hluti íþróttafélaganna, afgreiðsla rekstrarstyrkja sem og að bera þungann af umsýslu við Afrekssjóð Akureyrar. Vinna hefur verið í gangi hjá stjórn Afrekssjóðs við endurskoðun reglugerðar og verður ný reglugerð lögð til samþykktar á morgun í frístundaráði. Samhliða þessari vinnu voru unnar verklagsreglur fyrir stjórn til að vinna eftir þegar kemur að úthlutun úr Afrekssjóðs Akureyrar.

ÍBA hefur sýnt ákveðið frumkvæði t.d. varðandi fræðslu og nú síðast með samtali við VMA og MA um afreksbrautir/nám. ÍBA hefur fylgt málum meir og betur eftir inni á fundum frístundaráðs en áður og er ástæðan sú að með nýjum samningi fékk ÍBA áheyrnarfulltrúa inn á fundum frístundaráðs þegar íþróttatengd málefni eru til umfjöllunar.

Í tengslum við nýja þjónustusamninga við íþróttafélögin sem ég kem að hér aðeins síðar fór frístundaráð í þá vinnu að skilgreina hvað iðkandi er og í samstarfi við ÍBA og aðildarfélög þess. Skilgreiningin sem unnin er með fyrir árið 2019 er eftirfarandi;

Iðkandi er sá félagsmaður íþrótt- og eða ungmennafélagi innan aðildarfélaga ÍBA sem stundar eina eða fleiri íþrótt undir handleiðslu þjálfara. Að stunda íþrótt og iðka hana er a.m.k. eitt æfingartímabil, að lágmarki 10 vikur.

Framundan er meira samstarf milli íþróttadeildar samfélagssviðs og ÍBA þegar aðgerðaráætlun íþróttastefnunar verður innleidd og þegar nýir þjónustusamningar við íþróttafélögin verða gerðir.

## **Rekstrarsamningar v/mannvirkja**

Akureyrarbær gerir rekstrarsamning um rekstur mannvirkja við fimm aðildarfélög ÍBA, , Skautafélag Akureyrar, Léttir Hestamannafélag, Knattspyrnufélag Akureyrar, Íþróttafélagið Þór og Golfklúbb Akureyrar auk þess sem stuðningur er við nánast öll önnur félög í gegnum styrki frá ÍBA. Unnið hefur verið að breytingum á nýjum rekstrarsamningum við félögin. Frístundaráð óskaði eftir því við bæjarráð að fenginn yrði úttektaraðili til að greina forsendur rekstrarsamninga íþróttamannvirkja á vegum Akureyrarbæjar. KPMG fór yfir núverandi samninga Akureyrarbæjar við íþróttafélögin, samningsform, launakostnað, vallarstyrki, eldri

samninga, leitaði til annarra sveitarfélaga o.fl. Farið var yfir samningsformin og gerð tillögugerð að nýjum samningum út frá nýjum forsendum.

	2018	2019-REKSTUR	2019-ÞJÓNUSTU	2019-SAMTALS	MISM. 18-19	BREYTING %
FIMAK	2.250.000		4.000.000	4.000.000	1.750.000	78%
GA	14.591.211	17.375.000	600.000	17.975.000	3.383.789	23%
KA	61.167.695	68.500.000	7.000.000	75.500.000	14.332.305	23%
Léttir	10.994.291	11.900.000	600.000	12.500.000	1.505.709	14%
SA	15.601.421	18.000.000	1.000.000	19.000.000	3.398.579	22%
Þór	44.390.315	52.150.000	4.000.000	56.150.000	11.759.685	26%
Samtals	148.994.933	167.925.000	17.200.000	185.125.000	36.130.067	24%

Markmiðið með nýjum samningum er að auka gagnsæi þeirra, staðla þá og samræma. Nú þegar hafa nokkur félög skrifað undir rekstrarsamninga til fimm ára. Við teljum að með þessari vinnu séum við að bæta rekstrarskilyrði félaganna þegar kemur að rekstri mannvirkja fyrir Akureyrarbæ.

### Þjónustusamningar við íþróttafélögin

Í íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA kemur fram að „Á Akureyri verði starfrækt færri, stærri og faglegri fjölgreinafélög í framtíðinni“.

Frá því í haust höfum við í Frístundaráði verið að vinna að því að ákveða stefnubreytingu á forsendum fyrir framlagi til faglegs starfs íþróttafélaga. Þjónustusamningar eru gerðir við íþróttafélögin og taka þeir til faglegs starfs. Með þjónustusamningi er átt við samning um þá þjónustu sem félagið leggur fram í bæjarfélaginu og með hvaða hætti bæjarfélagið greiði félaginu fyrir þá þjónustu. Samningnum er ætlað að standa að hluta til undir kostnaði við stjórnun, rekstur skrifstofu og faglegs starf. En hvað felst í faglegu starfi? Það er að uppfylla ákveðnar gæðakröfur t.d. sem taka mið af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga, að uppfylla ákvæði í jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar, Forvarnarstefnu Akureyrarbæjar og Aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi gegn börnum. Að vera í samstarfi við við forvarna- og frístundadeild Akureyrarbæjar að skipuleggja árlega forvarnarfræðslu fyrir alla þjálfara og starfsmenn félagsins. Eins að þjálfarar séu menntaðir samkvæmt kröfum ÍSÍ.

Í þjónustusamningum kemur einnig fram að félögin séu reiðubúin að vinna með Akureyrarbæ við að koma á æfingum í samfellu við skólustarf hjá yngstu iðkendunum og vera þátttakandi í verkefni Akureyrarbæjar varðandi samfelldan vinnudag barna sem fyrirhugað er að setja af stað haustið 2019. Þau félög sem Akureyrarbær gerir þjónustusamning við fyrir árið 2019 eru Fimleikafélag Akureyrar, Skautafélag Akureyrar, Léttir, Knattspyrnufélag Akureyrar, Íþróttafélagið Þór og Golfklúbbur Akureyrar.

Markmiðið er að á þessu ári fari matrixan/þjónustusamningurinn og skilgreining á iðkenda til umsagnar hjá aðildarfélögum ÍBA og mun deildarstjóri íþróttamála og framkvæmdastjóri ÍBA fylgja þeirri vinnu eftir.



Forsendur fyrir framlagi til faglegs starfs íþróttafélaga						
Forsendur				Framlag		
Flokkur	Fjöldi iðkenda, 5-19 ára	Yfirstjórn	Faglegt starf	Yfirstjórn	Faglegt starf	Samtals
I	1-99		2,50%		250.000	250.000
II	100-199		6,00%		600.000	600.000
III	200-399		10,00%		1.000.000	1.000.000
IV	400-599		30,00%		3.000.000	3.000.000
V	600-899		40,00%		4.000.000	4.000.000
VI	900-1199	20%	50,00%	2.000.000	5.000.000	7.000.000
VII	1200-1499	40%	70,00%	4.000.000	7.000.000	11.000.000
VIII	1500-1699	60%	90,00%	6.000.000	9.000.000	15.000.000
VI	1700+	80%	90,00%	8.000.000	9.000.000	17.000.000

- Iðkendatala miðast við fjölda iðkenda 5-19 ára hjá félögum, m.v. upplýsingar frá ÍBA/NORA 1. maí ár hvert og skulu þær upplýsingar vera til hliðsjónar varðandi úthlutun til félagsins næsta ár.
- 100% framlag er með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs. Frístundaráð metur hækkun 100% framlags við gerð fjárhagsáætlun hvers árs.
- Félag sem fær styrk skal vera fyrirmyndarfélag ÍSí. Ef félag er ekki fyrirmyndarfélag fær það aðlögunarfrest í tvö ár til að uppfylla þær kröfur sem ÍSí gerir til fyrirmyndafélaga.
- Félag skal notast við skráningarkerfi NORA og veita ÍBA aðgang að sínu kerfi varðandi upplýsingar um fjölda skráninga og námskeiða.

Ég bind miklar vonir við að þessi vinna skili árangri og félögin sjái hag sinn í því eins og fram kemur í íþróttastefnu Akureyrarbæjar og ÍBA að á Akureyri verði starfrækt færri, stærri og faglegri fjölgreinafélög í framtíðinni.

### Starfshópur – forgangsröðun íþróttamannvirkja

Starfshópur var skipaður um mat á kostnaði og sviðsmyndum varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja á Akureyri. Hópurinn var settur á laggirnar í mars og hefur fundað einu sinni en áætlað er að funda sex sinnum og skila niðurstöðum í byrjun september.

Hlutverk hópsins er að:

- Greina gróflega stofnkostnað og rekstrarkostnað við helstu mannvirki sem eru í umræðu.
- Setja upp nokkrar sviðsmyndir um hvernig röð uppbyggingar og samspil verkefna gæti orðið
- Meta mögulegan framkvæmdahraða á sviðsmyndum út frá fjárhagslegu svigrúmi bæjarins og fjárþörf verkefna (að teknu tilliti til möguleika á einkaframkvæmd).

Markmiðið er að móta framtíðarsýn í uppbyggingu íþróttamannvirkja næstu árin sem tekur mið af framtíðarþörfum Akureyrar og íþróttafélaga bæjarins.

Hér er búið að stikla á stóru um starfsemi frístundaráðs. Í starfsáætlun ráðsins eru fjölmörg verkefni og ekki hafa þau öll fengið umfjöllun hér en þó er vert að segja frá nokkrum þeirra:

- Í vor verður farið í að endurnýja nýtt gólf í íþróttasal Íþróttamiðstöðvar Glerárskóla, bæta hljóðvist og loftræstingu.
- Gerður verður uppbyggingasamningur við Bílaklúbb Akureyrar
- Samningar voru endurnýjaðir við Skátafélagið Klakk, Skákfélagið og KFUM&K. Áhersla á aukin gæðaviðmið, jafnréttis- og forvarnarmál.
- Keyptur verður nýr snjótroðari í Hlíðarfjall
- Verið er að vinna að því að skoða fyrirkomulag yfirstjórnar í íþróttamannvirkjum
- Endurnýjun skorklukku í KA heimili
- Endurnýjun gervigrass á tveimur sparkvöllum
- Hjólabraut

Akureyrarbær ver hærri framlögum til málaflokksins en þau sveitarfélög sem við berum okkur saman við, hvort heldur sem framlög per íbúa eða sem hlutfall af útsvarstekjum. Sýnir það mikilvægi málaflokksins.

Að lokum vil ég þakka öllu starfsfólki sem kemur að þessu frábæra starfi fyrir þeirra vinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs.

Hildur Betty Kristjánsdóttir, formaður frístundaráðs